



# **TALAR ÞÚ CEBUANO?**

**– ævintýri fjöltyndra barna í Reykjavík**

**Aleksandra Chlipala og Klaudia Migda**  
**Hönnun og myndir Anna Pluta**

## **Aleksandra Chlipala**

aleksandrachlipala@gmail.com

Multicultural psychologist, lindy hopper (swing dancer) and fruit lover. Finds interesting and stimulating to see the world from different cultural angles.

Fjölmenningarsálfræðingur og lindy hoppari (swing dansari) sem hefur ástríðu fyrir ávöxtum. Finnst áhugavert og örvandi að skoða heiminn frá ólíkum menningarsjónarmiðum.

---

## **Klaudia Migdal**

klaudia.almond@gmail.com

English teacher, runner by day, foodie by night. Loves learning new languages, discovering new words and finding their meaning.

Enskukennari, hlaupari á daginn, sælkeri á kvöldin. Ég elska að læra ný tungumál, ný orð og merkingu þeirra.

# TALAR ÞÚ CEBUANO?

– ævintýri fjöltyngdra barna í Reykjavík

**Aleksandra Chlipala og Klaudia Migdal**

**Hönnun og myndir Anna Pluta**

“Talar þú Cebuano?” — ævintýri fjöltyngdra barna í Reykjavík

Aleksandra Chlipala, Klaudia Migdal

Reykjavík 2016

Prentað á Íslandi

Prentvinnsla Oddi

Höfundaréttur © Aleksandra Chlipala, Klaudia Migdal

Hönnun og myndir © Anna Pluta

Þessi bók er hluti af verkefninu “Takk or tak — bilingualism and children of Reykjavík” og er fjármögnuð af Mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar og með samfélagsstyrk frá Landsbankanum.

Við viljum sérstaklega þakka öllum þeim fjölmennigar fjölskyldum á Íslandi sem tóku þátt í gerð bókarinnar.

Þessi útgáfa er ekki ætluð til sölu.

,Hægt er að finna bókina og kennsluáætlun fyrir leikskólakennara og grunnskólakennara á yngsta stigi á facebook síðu bókarinnar:  
[www.facebook.com/bookcebuano](http://www.facebook.com/bookcebuano)



Reykjavíkurborg  
Mannréttindaskrifstofa







**WOJTEK**

5 ára gamall



Mamma mín er frá Póllandi




Pabbi minn er frá Íslandi



## VIÐ VATNIÐ

Sumir krakkar eiga hund og öðrum krökkum finnst súkkulaðiís góður og síðan er það ég – Wojtek – og mér finnst mjög gaman að fara til Póllands að heimsækja ömmu mína og afa. Þau búa þar. Mamma mín bjó líka þar þegar hún var lítil. Núna er mamma mín orðin stór stelpa og hún býr á Íslandi með pabba mínum. Og með mér. Og með litla bróður mínum. Mér finnst gaman að heimsækja ömmu og afa. Það er svo heitt og þægilegt þar að það er nóg að vera í stuttbuxum, nærból og sandöllum. Það er hægt að ganga berfættur og baða sig í vatninu! Eitt af því sem mér finnst skemmtilegast að gera er að borða villt jarðarber. Það eru pínku lítil jarðarber sem hægt er að týna í skóginum en þau vaxa líka út í garði hjá ömmu svo ég get tínt þau þar.







# ÞAÐ ER EKKERT JAFN GOTT OG JAGODZIANKI!

Uppáhaldsmaturinn minn er jagodzianki [jagódjankí]  
– berjabolla fyllt með gómsætum berjum. Við förum oft  
í göngutúr í skóginum að tína ber og síðan bakar amma  
mín jagodzianki. Nammi namm, þau eru svo góð! Þessi  
ber eru svolítið eins og berin sem þið getið fundið  
í Heiðmörk. En samt ekki.

Það kemur fjólublár berjasafi úr þeim sem gerir  
hendurnar, munninn og tennurnar allar fjólubláar!





KOCHAM CIĘ  
- ÉG ELSKA  
ÞIG



LODY  
- ĪS



## TEDRYKKJA HJÁ ÖMMU OG AFA

Það er alltaf svo fyndið þegar pabbi fer í heimsókn til Póllands af því að amma og afi skilja ekki neitt sem hann segir og pabbi skilur ekki neitt heldur! Amma mín kann að tala frönsku en pabbi minn kann það ekki. Pabbi minn

kann að tala ensku en amma mín kann það ekki!

Þegar amma og afi tala við pabba þá brosa

þau og veifa höndunum alveg eins og

í leikriti í Borgarleikhúsinu.

PIEROGI





Hingað til hefur þabba mínum tekist að læra nokkur orð og setningar á pólsku. “Kocham cię”, “Mér finnst pierogi gott”, ís”, “hæ” og nokkur önnur orð. Stundum skilur hann það sem ég og mamma erum að tala um. Hann segir að pólska sé mjög erfitt tungumál og að það sé mjög erfitt að bera fram ákveðna hluti. Og meira að segja þegar hann reynir mjög mikið þá getur hann ekki borið orðin rétt fram.

Til dæmis orð eins og “Szczecin” [stötsjín].

Það er nafnið á borginni þar sem amma og afi búa.

Mamma vinkonu minnar Elisabeth segir að íslenska sé mjög erfið og að það sé ómögulegt að bera sum orð fram!

Kannski er það þannig að hvert og eitt tungumál sé erfitt að læra. En ekki fyrir mig, bæði tungumálin – íslenska og pólska eru einföld fyrir mér. Haha!



Viltu líka læra orð sem pabbi hans Wojteks er búinn að læra?

kocham cię

[ko ham tsjá]

ég elska þig

cześć

[tést]

hæ

pierogi

[perógí]

pólskur þjóðarréttur

Szczecin

[stætsjín]

borg í Póllandi





**MAREL**


4 ára gömul



Mamma mín er frá eyjunni Masbate í Filippseyjum

Pabbi minn er frá eyjunni Luzon í Filippseyjum






# MORGUNMATUR OG KVÖLDMATUR – Á SAMA TÍMA?!

Marel er að borða morgunmat og er að spjalla við frænku sína og frænda á meðan þau borða kvöldmat. En bíddu, hvernig er það hægt? Var einhver að rugla einhverju saman? Ekki alveg.

Frændi og frænka Marel búa á Filippseyjum – það er land í Asíu. Það er annar tími hjá þeim en er á Íslandi. Þegar klukkan er 08:00 á Íslandi þá er klukkan 16:00 á Filippseyjum! Ástæðan fyrir því að þau geta borðað saman



er vegna þess að  
þau gera það með  
vefmyndavél.

Frændi hennar talar við hana  
á Tagalog tungumálinu, mamma  
hennar talar við hana á Cebuano  
tungumálinu og pabbi hennar talar við  
hana á Ilocano tungumálinu. Það besta er að  
Marel skilur öll tungumálin! Allir í fjölskyldunni  
hennar koma frá sama landinu en tala öll saman  
á þremur mismunandi tungumálum? Hvernig er það hægt?




# HVAÐ ER TUNGUMÁL?

“Human sa klase mudiretso mi sa swimming pool”, segir mamma Marel þegar hún sækir hana á leikskólann.

“Húrra! Swimming! Ganahan ko ana!” öskrar Marel hamingjusöm.





A child's feet are sticking out from under a white sheet on a bed. A yellow rubber duck is floating on the bed next to the feet. The scene is lit with soft, warm light, creating a cozy atmosphere.



“Hvað eruð þið að segja? Ég skil ekki orð!” spurði Erla hissa.

“Ég sagði að við værum á leiðinni í sund á tungumáli sem heitir Cebuano”, svaraði mamma Marel á íslensku.

“Það er eitt af 100 tungumálum sem eru töluð á Filippseyjum”, bætti hún við.

“Vá! Yfir 100 mismunandi tungumál!” öskraði Anna hissa.

– Marel og mamma hennar hlógu.



**“Við viljum líka tala Cebuano!  
Hafesdk fuiesln snie bububu  
mato nusu usu”**

“Ef þið stelpur viljið, þá getum við kennt ykkur að segja eitthvað á Cebuano. Hvað viljið læra?” spurði mamma Marel.

“Takk”, svöruðu stelpurnar.



**“Salamat”**

–svaraði Marel.







## SUNDLAUG

Marel finnst mjög gaman að fara í sundlaugina.

Henni finnst skemmtilegast að fara í vatnsrennibraut.

Henni finnst líka mjög gaman þegar pabbi hennar lyftir henni upp og hendir henni í vatnið svo það komi stór vatnsgusa!

**“Hi, how are you doing?”**


– spyr vinur mömmu Marels sem hittir þær í heita pottinum.

**“I’m fine, thanks”**

– svarar Marel.

Þetta er annað tungumál sem Marel talar!  
Núna er kominn tími fyrir spurningu fyrir ykkur.  
Vitið þið hversu mörg tungumál Marel kann?  
Getið þið nefnt tungumálin?

**Þið getið fundið  
svarið á myndinni  
fyrir neðan:**



**Á hvaða tungumáli haldið þið  
að Marel og foreldrar hennar  
tali saman?**



**ELISABETH**

5 ára gömul



Mamma mín er frá Kólumbíu

Pabbi minn er frá Hollandi



*Elisabeth flutti til Íslands um sumarið*

*Elisabeth sagði okkur sína sögu á spænsku en við þýddum*

*hana á íslensku svo þið getið kynnst henni*





# FYRSTI DAGURINN Á LEIKSKÓLA

Í dag var fyrsti dagurinn minn á leikskóla í landi sem heitir Ísland. Það er landið sem við köllum heimilið okkar núna. Það er það sem mamma mín sagði. Áður var heimilið okkar í Amsterdam. Þar býr kötturinn minn hjá frænku minni. Langt, langt í burtu frá mér. Ég sakna hennar mikið. Mamma sagði að við gætum ekki tekið Astrid með okkur. Mamma sagði að hún og pabbi myndu kaupa nýjan kött fyrir mig. Ég er dálítið hrædd. Allt er svo nýtt. Ég er að vona ég muni eignast nýja vini. Ég velti því fyrir mér hvað Lotte sé að gera á gamla leikskólanum mínum núna.

*Seint að hausti, mánuði eftir að Elisabeth byrjaði  
í leikskóla*

## **LEIKSKÓLASÖGUR**

Stundum er ég hamingjusöm en á öðrum tímum er ég döpur á nýja leikskólanum mínum. Mér finnst mjög gaman þegar við erum að sippa. Ég get hoppað oft í röð á öðrum fæti og allir í hópnum mínum vilja læra það af mér. Þeim finnst það mjög flott! Mér finnst líka gaman að púsla, teikna og fara í dimmalimm.

Ég kann nú þegar að segja “má ég leika með ykkur?” á íslensku, “Ég heiti Elisabeth”, “hádegismatur”, og “takk fyrir” auk annarra orða.

Stundum þegar Herdís er að lesa bók í samverustund, þá veit ég ekki um hvað bókin er. Það góða er að margar bækur eru með myndum og þegar Herdís sýnir okkur þær þá get ég áttað mig á því hvað sagan fjallar um.


Stundum veit ég ekki hvað við munum gera næst.  
Herdís segir eitthvað en ég skil ekki hvað hún er að segja.  
Þá fylgist ég með því hvað hin börnin eru að gera og geri  
það sama. Stundum hjálpar Gunnar mér með látbragði.  
Gunnar er vinur minn á leikskólanum. Stundum sýnir  
Herdís mér á litlum myndum hvað við erum að fara að gera  
yfir daginn. Það hjálpar. Mér finnst mjög gaman að leika  
við Noelia. Hún talar einnig spænsku, alveg eins og ég.  
Við semjum oft mismunandi sögur og búum til leikrit eða  
leikum okkur saman.  
Það er jafn gaman að leika við hana og að leika við Lotte  
í Amsterdam!





# AFMÆLISVEISLA

Ég á afmæli í dag! Ég fékk gjöf frá frænku minni í Hollandi – pakka með uppáhalds stroop vöflunum mínum! Það eru vöflur sem eru mjög sætar og eru með þykka sósu í miðjunni. Mmmmmm, gómsætt! Ég get ekki beðið eftir því að allir komi í afmælið mitt og við borðum þær saman! Mamma og pabbi bjuggu til gómsætan mat. Það er aldrei boðið upp á mat í leikskólanum eins og amma mín frá Kólumbíu býr til. Pabbi minn setti fallest boðskort á hillurnar í leikskólanum hjá öllum. Boðskortin eru með myndum af Önnu og Olaf úr “Frozen”. Stundum syngjum við, Noelia og Bríet með lögum úr “Frozen” á ensku. Mér finnst það mjög gaman!









## TIL HAMINGJU MEÐ AFMÆLIÐ

“Feliz cumpleaños amor”, sagði mamma Elisabeth,  
“Gelukkige verjaardag”, sagði pabbi hennar brosandi.  
Það þýðir “Til hamingju með afmælið” á spænsku  
og hollensku.

Síðan sungu allir sem mættu í afmælisveisluna mína  
“Hún á afmæli í dag” og ég svaraði “takk fyrir  
afmælisgjafirnar” á íslensku. Ég fékk einnig stórt,  
litríkt póstkort og gjöf frá ömmu minni og afa  
í Kólumbíu. Þetta var sko góður dagur!





**GUNNAR MÁR**

5 ára gamall



Mamma mín er frá Íslandi


Pabbi minn er frá Íslandi



# VOR Í PARÍS

Gunnar, sem þið hittuð á leikskólanum hennar Elisabeth býr núna í París. Það er mjög stór borg í Frakklandi. Gunnar borðaði gómsæt baguettes, hann sá Eiffelturninn og hann fór meira að segja í Disneyland með foreldrum sínum í síðustu viku!

Enginn í leikskólanum hans Gunnars talar íslensku fyrir utan hann og foreldra hans. Á hvaða tungumáli á hann þá að tala við hina krakkana og kennara í leikskólanum? Þegar hann byrjaði á leikskólanum sagði hann ekki orð. Ekki orð! Hann var einungis að fylgjast með hinum börnunum og var að púsla og teikna allan daginn.



# ÉG VIL DREKKA!

Einn daginn var heitt úti og sólin skein. Gunnar lék sér úti og leið eins og hann varð þyrstur. Hann fór til kennarans og sagði “Ég vil fá eitthvað að drekka”. Kennarinn brást ekki við strax heldur starði hugsandi á Gunnar. Gunnar var líka hissa og fattaði nokkrum sekúndum seinna að kennarinn skildi ekki það sem hann var að segja

af því að hann talaði

á íslensku! Allt í einu varð

hann mjög leiður. Hann

kunni ekki að segja

setninguna á frönsku

þannig að hann sýndi með

höndunum. Kennarinn brosti og færði honum

glas með appelsínudjús og sagði honum

hvernig hann átti að segja að hann vildi fá að

drekka á frönsku.

JE VOIS BOIRE  
[SJÖ VU BVAR]





"AU REVOIR"

- "BLESS, BLESS"



# FRÖNSKUKENNSLA

Gunnar er að læra frönsku.

“Nicolas hefur kennt mér að segja mark, villa, víti og nokkur önnur nytsamleg orð á frönsku. Mér finnst mjög gaman að spila fótbolta. Pierre [pér] er að hlæja af mér og stríða mér af því ég get ekki sagt “r” á sama hátt. En fljótlega mun ég læra það!”

Foreldrar Gunnars byrjuðu nýlega að læra frönsku. Þau kunna einungis nokkur orð. Stundum reynir Gunnar að klæða sig mjög hratt eftir skóla þannig að Pierre heyri ekki pabba hans segja “r” á mjög rangan hátt þegar hann heilsar kennaranum hans, Madame Amelie. Gunnar skammast sín smávegis þegar það gerist.



# POGO

Einn daginn vildi Gunnar spila POGO. Hann fann ekki svæðið þar sem búið var að teikna svoleðis þannig að hann ákvað að teikna það sjálfur með krít. Þegar hann var búinn að teikna ferningana komu Pierre [pér], Nicolas [nikóla] og Laurie [lórí] allt í einu og spurðu hvað hann væri að gera. Að minnsta kosti hélt Gunnar að það væri það sem þau væru að spyrja hann um. Hann svaraði “C'est Pogo” [se pogó]. Hann fór og sótti bolta. Það kom í ljós að enginn á leikskólanum kannaðist við þennan leik. Hann kenndi þeim að skoppa boltanum og í hvaða ferningum ætti að standa og hvað maður átti að gera. Þau skemmtu sér mjög vel! Allir vinir hans elskuðu leikinn!



